

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, Kröflulína 3, Skútustaðahreppur og Fljótsdalshérað.

Samkvæmt 7. mgr. 13. gr. a. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. mars 2011 staðfest breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 frá 10. maí 1999.

Breytingin gerir ráð fyrir nýrri Kröflulínu 3, 220 kV frá Kröflustöð um Sandabotna að Austaraselsheiði og þaðan samsíða Kröflulínu 2 að Jökulsá á Fjöllum og um Möðrudalsöræfi. Þar mun línan koma í stað fyrirhugaðrar Fljótsdalslínu 1, 220 kV á kaflanum frá Möðrudal að Fljótsdalsstöð. Línan verður innan mannvirkjabeltis Kröflulínu 2 með litlu fráviki um Sandabotnaskarð til að draga úr sjónrænum áhrifum. Tillagan er í samræmi við áætlanir um styrkingu orkuflutningakerfis Landsnets.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. mars 2011.

Svandís Svavarsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2011